

6. maí kl. 8:15-8:55

Mættir: *Mættir: Trostan, Birgitta,, Sólrún, Sirrý Sif, Friðrik Logi, Birna, Halldór, Gunnar og Íris Olga sem ritaði fundargerð.*

Dagskrá

1. Samstarf íþróttafélaga um íþróttæfingar. Rætt var um hvernig hefði tekist til. Bent var á að í upphafi þessa verkefnis hafi verið bent á að hér í Varmahlíð væri íþróttahús sem vel mætti nýta í þessu samstarfi.

Sirrý Sif benti á að ekki hafi verið hægt að treysta á föstudagsfrístundastrætó. Einnig var gerð breyting sem var ekki borin undir Smára í tengslum við æfingagjöld. Hún telur það valda flækjum þegar Smáarakrakkar eru í fjáröflun fyrir Gautaborg. Þá verði viss skörun á svæðum þeirra sem æfa með Smára annars vegar og Tindastóli hins vegar, eða með báðum félögum. Hennar upplifun er sú að samstarfið sé einhliða. Oft gerðar breytingar á æfingatímum fyrirvaralítið og alltaf gert ráð fyrir að fólk geti labbað heim af æfingum.

Gunnar Sigurðsson tók til máls og sagði að þetta væri ekki samstarf, heldur væri verið að innlima Smáarakrakka í Tindastól, sem er ekki slæmt, en kallast ekki samstarf. Einnig minnti hann á að ef áhugi væri á samstarfi mætti æfa í Varmahlíð á föstudögum, en þá er húsið alla jafna laust.

Einnig kom fram að með samstarfinu eykst kostnaður foreldra. Smári hefur eitt gjald á alla, en

Tindastóll með gjald á hverja deild og þá bætist einnig akstur foreldra við.

Halldór - hefur notað frístundastrætó á föstudögum og kann því vel en hefur ekki notað þriðjudagsferðir.

Friðrik og Halldór taka undir orð Sirrýjar um að æfingar séu ekki búnar á föstum tíma. Foreldrar bíði þá í mislangan tíma.

2. Sýnileiki skólastarfs í samfélaginu.

Skólahreysti - samdóma álit um að þátttaka skólans færi honum jákvæða athygli.

Gunnar Sig - Ómetanlegt fyrir krakkana en líka lykilatriði í heilsuefingu barna og unglinga

List- og verksýning - Vel heppnuð og frábær nýting á húsinu

Sirrý Sif- æskilegt væri að viðburðir væru auglýstir með meiri fyrirvara svo að fólk geti gert ráðstafanir og komið á viðburði, ef þeir eru að degi til.

Gunnar Sig - saknar grunnskólakeppnanna í frjálsum. Þar var mikil stemning.

Skólinn ætti að taka frumkvæði í íþróttamálum..

Sveitavikan ómetanleg. Börn fara ekki endilega á sína bæi heldur á aðra og kynnast þá

Sirrý - mætti tala við bændur um að bjóðast til að taka við nemendum í sveitaviku, ekki bara að skólinn og foreldrar leiti þegar vantar.

Friðrik - Hvers vegna eru íþróttamót skóla ekki lengur á dagskrá?

Gunnar - líklegast vegna þess að hann hefur ekki gefið sig að þessu undanfarin ár. Þetta var á könnu UMSS.

Gunnar heldur áfram: Mikilvægt að skólar hugi að ímynd sinni, skólar hafi frumkvæði að jákvæðri umræðu, of mikið af neikvæðri umræðu og fréttum í þjóðfélaginu.

Gunnar Sig: hrósar skólanum fyrir samstarf við Smára, algjörlega til fyrirmyndar.

Sérlega lítið gjald sem foreldrar þurfa að greiða fyrir frábæra þjónustu. Mikilvægt að skólinn sé meðvitaður um gæðin. Stærstu skrefin í að vera heilsueflandi skóli er að geta boðið upp á þetta, sem og að taka þátt í skólahreysti.

3. Önnur mál

Íris Olga: stefnt er að því að Varmahlíðarskóli, Árbæjarskóli og Indian Springs Elementary skóli í New Braunfels, Texas í Bandaríkjunum vinni saman að þróunarverkefni en kennarar íslensku skólanna heimsóttu þann bandaríska í síðasta mánuði.

Þetta var síðasti fundur skólaársins og því gert ráð fyrir næsta fundi í september. Fundi slitið kl. 8:55.